

Avant hf.
Ársreikningur 2007

Avant hf.
Suðurlandsbraut
112 Reykjavík

Kt. 561205-1750

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Eiginfjárfirlit	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2007

Avant hf. er eignarleigufyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið er dótturfélag Askar Capital hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2007 að fjárhæð 45 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 1.719 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 9,7% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall, sem reiknað er út samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 9,6% í árslok 2007.

Hlutfé félagsins nam í árslok 765 millj. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Hluthafar félagsins eru tveir og á Askar Capital hf. 99,9% hlutfjárins.

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður vegna ársins 2007, en vísað er til ársreikningsins að öðru leyti varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Stjórnunarhættir

Stjórn Avant hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra, fundar með endurskoðendum félagsins reglulega og hefur ráðið innri endurskoðanda.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2007, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Avant hf. hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2007 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja árseikninginn.

Reykjavík, 15. febrúar 2008.

Stjórn:

Tryggvi Þór Herbertsson, stjórnarformaður

Benedikt Árnason

Bogi Nils Bogason

Tómas Sigurðsson

Yngvi Harðarson

Framkvæmdastjóri:

Magnús Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Avant hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Avant hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirra hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 15. febrúar 2008.

KPMG hf.

Helgi F. Arnarsson

Margrét Guðjónsdóttir

Rekstrarreikningur fyrir árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Vaxtatekjur		1.406.534	273.719
Vaxtagjöld		(1.021.660)	(100.927)
Hreinar vaxtatekjur	19	<u>384.874</u>	<u>172.792</u>
Þjónustutekjur		69.558	63.497
Þjónustugjöld		(9.732)	(6.479)
Hreinar þjónustutekjur		<u>59.826</u>	<u>57.018</u>
Hreinar tekjur		444.700	229.810
Hreinn gjaldeyrismunur	20	27.710	4.899
Rekstrarkostnaður	21-24	(409.172)	(132.580)
Virðisrýrnun	30	(118.235)	(36.317)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(54.997)	65.812
Tekjuskattur	25	<u>10.075</u>	<u>(11.846)</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u>44.922</u>	<u>53.966</u>

Skýringar nr. 1- 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
Eignir			
Handbært fé	26	290.113	46.363
Afleiðusamningar		47.614	6.867
Kröfur á tengd félög		0	333.853
Útlán og kröfur	27-30	17.224.507	3.867.729
Rekstrarfjármunir	31	9.656	8.408
Óefnislegar eignir	31	108.566	0
Skatteign	33	67.726	5.444
Aðrar eignir		86.232	0
		<u>17.834.414</u>	<u>4.268.664</u>
Eignir samtals			
Skuldir			
Afleiðusamningar		303.405	325.348
Lántaka	32	15.688.390	3.422.060
Tekjuskattur til greiðslu		52.207	17.290
Aðrar skuldir		71.368	0
		<u>16.115.370</u>	<u>3.764.698</u>
Skuldir samtals			
Eigið fé			
	34-35		
Hlutfé		765.000	450.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		945.000	0
Lögbundinn varasjóður		5.397	5.397
Óráðstafað eigið fé		3.647	48.569
		<u>1.719.044</u>	<u>503.966</u>
Eigið fé samtals			
Skuldir og eigið fé samtals		<u>17.834.414</u>	<u>4.268.664</u>

Skýringar nr. 1- 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjárfirlit fyrir árið 2007

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur innbogaðs hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
Árið 2006					
Eigið fé 1.1. 2006.....	450.000		5.397		455.397
Hagnaður ársins.....				48.569	48.569
Eigið fé 31.12.2006.....	450.000	0	5.397	48.569	503.966
 Árið 2007					
Eigið fé 1.1. 2007.....	450.000	0	5.397	48.569	503.966
Innbogað eigið fé.....	315.000	945.000			1.260.000
Tap ársins.....				(44.922)	(44.922)
Eigið fé 31.12.2007.....	765.000	945.000	5.397	3.647	1.719.044

Skýringar nr. 1- 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar:			
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(54.997)	65.811
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir rekstrarfjármuna		4.214	143
Virðisrýrnun	30	118.235	36.317
Hreinar vaxtatekjur	(384.874)	(172.792)
Tekjuskattur		10.075	(11.846)
	(307.347)	(82.367)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Afleiðusamningar	(62.690)	318.481
Útlán og kröfur	(13.296.098)	(3.840.845)
Kröfur á tengd félög		333.853	116.147
Skattskuldbinding	(62.174)	(5.444)
Aðrar eignir	(86.340)	0
Aðrar skuldir		123.574	17.290
	(13.357.222)	(3.476.738)
Innborgaðar vaxtatekjur		1.227.619	210.518
Greidd vaxtagjöld	(496.056)	0
Greiddur tekjuskattur	(17.290)	0
Handbært fé til rekstrar	(12.642.949)	(3.266.220)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir rekstrarfjármunir	31	(13.870)	(8.550)
Seldir rekstrarfjármunir		8.409	
Keyptar óefnislegar eignir		(108.566)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(114.027)	(8.550)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Lántaka, breyting		11.740.726	3.321.133
Innborgaðhlutafé		1.260.000	0
Fjármögnunarhreyfingar		13.000.726	3.321.133
Hækkun á handbæru fé		243.750	46.363
Handbært fé í ársbyrjun		46.363	0
Handbært fé í árslok	26	290.113	46.363

Skýringar nr. 1- 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. *Upplýsingar um félagið*

Avant hf. ("félagið") er með starfsstöð sína að Suðurlandsbraut 12 í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Askar Capital hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Avant hf. er lánafyrirtæki sem sérhæfir sig í bílafjármögnun fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

2. *Grundvöllur reikningsskilanna*

a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 15. febrúar 2008.

b. *Grundvöllur matsaðferða*

Ársreikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. *Mat og ályktanir*

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum nr. 6, 8 og 32 er varða mat útlána og krafna.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabilin sem fram koma.

3. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. *Tekjur og gjöld*

a. *Hreinar vaxtatekjur*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikningi þegar þau falla til, miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og annar mismunur á upphaflegu bókfærðu verði vaxtaberandi gerninga og fjárhæð þeirra á gjalddaga, sem eru reiknuð miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað félagið sjóðstreymi með tilliti til allra sammingsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Ef fjáreign eða flokkur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunina. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi samanstanda af:

- Vaxtatekjum af útlánum og vaxtagjöldum af lántökum miðað við virka vexti og afskrifað kostnaðarverð.
- Vaxtatekjum af handbæru fé miðað við virka vexti og afskrifað kostnaðarverð.
- Gangvirðisbreytingum af afleiðusamningum, þó ekki breytingum sem stafa af breytingum á gengi gjaldmiðla, sem færðar eru á gengismun í rekstrarreikningi.

b. *Hreinar þjónustutekjur*

Félagið veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem það fær greitt fyrir svo sem vegna eignarleigusamninga. Þjónustutekjur og þóknanir eru færðar til tekna þegar þjónusta hefur verið veitt.

c. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundin mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annar vegar og ársreikningi hins vegar.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstigi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

5. *Virðisrýrnun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

5. *Frh.:*

a. *Útlán og kröfur*

Félagið endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun þess á sex mánaða fresti hið minnsta. Félagið metur annars vegar einstök lán og hins vegar lánasafn og færir virðisrýrnun ef áreiðanlegar vísbendingar eru um virðisrýrnun á láni eða lánasafni.

Ef skoðun einstakra útlána bendir til rýrnunar á væntanlegu sjóðstreymi þeirra, er lánið fært til samræmis við áætlað núvirði framtíðarsjóðstreymis. Vísbendingar um virðisrýrnun geta verið umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakenda eða vanskil á afborgunum. Við ákvörðun virðisrýrnunar er áhættan metin, upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna áætluð og söluverðmæti tryggingar metið.

Útlán og kröfur sem ekki eru færðar niður sérstaklega verða hluti af safni sem metið er með tilliti til mögulegrar virðisrýrnunar. Mat á útlánasafni byggir á því að útlánin búi yfir svipuðum áhættueinkennum. Merki um virðisrýrnun í safni útlána eru til staðar ef áreiðanleg gögn benda til lækkunar á væntu framtíðarsjóðstreymi útlánasafns og hægt er að mæla lækkunina með áreiðanlegum hætti.

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

b. *Fullnustueignir*

Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru færðir á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvort sem lægra reynist. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkningar á gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir áður færða virðisrýrnun, eru færðar í rekstrarreikning.

c. *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð fjáreigna sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er áætlað hreint söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

e. *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Virðisrýrnun af fjáreignum sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Að því er varðar aðrar eignir er virðisrýrnun bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

6. *Fjáreignir og fjárskuldir*

a. *Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda*

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar sparisjóðurinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Skýringar, frh.:

6. Frh.:

Fjárskuld er skráð þegar félagið verður hluti af samningsbundnum skuldageringi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding félagsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

b. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Tekjum og gjöldum er einungis jafnað saman þegar reikningskilareglur leyfa það. Jafnframt er hagnaði og tapi jafnað saman þegar uppruninn er frá sviðuðum viðskiptum eins og viðskiptum með fjáreignir á gangvirði.

c. Afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda

Afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda er fjárhæð viðkomandi fjármálagernings við upphaflega skráningu, að frádrögnum höfuðstólsgreiðslum og að teknu tilliti til uppsafnaðrar afskriftar yfirverðs eða affalla sem færð eru miðað við virka vexti. Yfirverð og afföll er mismunur á upphaflegri skráningu viðkomandi fjármálagernings annars vegar og nafnverðsfjárhæð hans hins vegar. Við útreikning á afskrifuðu kostnaðarverði fjáreigna er jafnframt tekið tillit til virðisrýrnunar ef um hana er að ræða.

d. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst er við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Þegar framkvæmd eru markaðsviðskipti eru fjármálagerningar metnir í upphafi á gangvirði. Markaðsverð eru álitin besta vísbending um gangvirði, jafnvel þó að virði samkvæmt matslíkönum sé ólíkt markaðsverðum. Ef mismunur er á milli gangvirði vegna matsaðferðar er hann færður í rekstrarreikning eftir aðstæðum hverju sinni og ekki seinna en þegar markaðsupplýsingar verða sýnilegar.

7. **Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af sjóði og kröfum á lánastofnanir.

Skýringar, frh.:

8. Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði. Útlán og kröfur fela í sér eignarleigusamninga við viðskiptavini um fasteignir, bifreiðar, vélar og tæki og útlán í formi skuldabréfa. Eignarleigusamningar félagsins eru flokkar með útlánum þar sem áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á hinni leigðu eign, eru efnislega færð yfir til leigutakans.

Útlán og kröfur eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlánin eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2008 og gengistryggð lán eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok.

Útlán og kröfur eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjársteymi af þeim er ekki lengur til staðar eða þegar félagið hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

9. Afleiður

Afleiður eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á gengi undirliggjandi þátta (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi).

Félagið notar eingöngu framvirka gjaldmiðlasamninga til að takmarka gengisáhættu sem verður til vegna starfsemi félagsins.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði og er gangvirðið ákvarðað með notkun viðurkenndra matsaðferða. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði er fært í rekstrarreikning. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal eigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal skulda.

Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður sem rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Húsbúnaður, áhöld og bifreiðar	5 ár	10%

Skýringar, frh.:

11. *Óefnislegar eignir*

Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega í rekstrarreikningi miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar er fimm ár.

12. *Leigusamningar*

Samstæðan flokkar leigusamninga byggt á því hvort áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á hinni leigðu eign, eru efnislega færð yfir til samstæðunnar eða ekki. Fjármögnunarleigusamningur er leigusamningur þar sem áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á eigninni, eru efnislega færð yfir til leigutakans. Rekstrarleigusamningur er hvers konar leigusamningur sem ekki telst fjármögnunarleigusamningur.

Leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningi þar sem samstæðan er leigutaki eru gjaldfærðar línulega á líftíma leigusamningsins.

13. *Lántaka*

Lántaka félagsins er einkum útgefin skuldabréf og lán frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði vegna þeirra. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántöku.

14. *Aðrar eignir og skuldir*

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

15. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeгла mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

16. *Fjárhagslegar ábyrgðir*

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda félagið til að endurgreiða tiltekna fjárhæð til handhafa ábyrgðar vegna taps sem hann verður fyrir þegar skuldari getur ekki staðið í skilum á gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagerings.

Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða eru upphaflega færðar á gangvirði og er gangvirði fært í rekstrarreikning á áætluðum líftíma samningsins. Samningurinn er síðan bókfærður hvoru sem hærra reynist, upphaflegt gangvirði, að teknu tilliti til tekjufærðra þóknana, eða núvirði væntra greiðslna, þegar greiðsla vegna ábyrgðar er líkleg. Fjárhagslegar ábyrgðir eru færðar í efnahagsreikning meðal annarra skulda.

17. *Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim*

Nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki tekið gildi í árslok 2007 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings eru eftirfarandi: IFRS 8 *Starfshættir*, IFRS 11 *IFRS 2 - Samstæða og viðskipti með eigin hlutabréf*, IFRIC 12 - *Samningar um þjónustuúvilnun*, IFRIC 13 *Tryggðarkerfi*, IFRIC 14 *IAS 19 - Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarks-fjármögnun og samspil þeirra* og endurbættur IAS 23 *Lántökukostnaður*. Framangreindir staðlar, breytingar og túlkanir munu ekki hafa áhrif á ársreikninginn.

18. **Áhættustýring**

Yfirlit um fjárhagslegar áhættur og skipulag áhættustýringar

Lykilatriði í daglegri stjórn félagsins er að draga úr þeim áhættum sem það stendur frammi fyrir og tengdrar eru fjáreignum og fjárskuldum. Eftirfarandi eru þær áhættur sem félagið býr einkum við og máli skipta:

- * lánsáhætta
- * lausafjárahætta
- * markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

Markmið félagsins er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Þá hefur stjórn félagsins ráðið innri endurskoðanda meðal annars til að sinna þessu eftirliti.

a. **Lánsáhætta**

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og ef tryggingar hrökkva ekki fyrir eftirstöðvum kröfunnar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna útlána og krafna. Bókfært verð fjáreigna félagsins jafngildir mesta mögulega tapi vegna lánsáhættu.

Útlán og kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna og þeim tryggingum sem standa á bak við einstakar lánveitingar. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Félagið hefur sett skýrar útlánareglur sem taka ber mið af við einstakar lánveitingar. Heimildir til lánveitinga eru mismunandi og þarfnast aðkomu stjórnar eða framkvæmdarstjóra ef farið er yfir tiltekin mörk. Við hverja lánveitingu eru viðskiptamenn metnir og fjárhagsstaða og greiðslusaga þeirra skoðuð eftir því sem kostur er. Lánareglur félagsins fjalla meðal annars um lánaheimildir í hlutfalli við raunvirði trygginga og áætlaðan líftíma þeirra og ef vikið er frá þeim hlutföllum þarfnast það sérstaks samþykkis.

Lánsáhættu er meðal annars stýrt með mikilli dreifingu lánasafnsins en eins og fram kemur hér á eftir eru rúmlega 80% lánasafnsins til einstaklinga.

Skýringar, frh.:

a. Lánsáhætta, frh.:

Ítarlega er fylgst með vanskilum og er tapshætta yfirfarin reglulega með mati á tryggingum og stöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptamenn í vanskilum eru jafnan flokkaðir sem áhættusamir og geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar. Útlán eru endanlega afskrifuð eftir ákveðnum reglum sem um það gilda. Þá hefur félagið sett skýra verkferla sem snúa að innheimtu og hvenær vanskil eru send til lögfræðiiinnheimtu.

Greining útlána og krafna niður á einstaklinga og fyrirtæki

	Lán til einstaklinga		Lán til fyrirtækja		Samtals	
	2007	2006	2007	2006	2007	2006
Útlán í virðisrýnun	204.009	66.837	72.863	70.896	276.872	137.733
Virðisrýnun	(94.314)	(32.044)	(45.108)	(44.380)	(139.422)	(76.424)
	<u>109.695</u>	<u>34.793</u>	<u>27.755</u>	<u>26.516</u>	<u>137.450</u>	<u>61.309</u>
Lán í vanskilum án						
sérstakrar virðisrýn.	2.965.054	499.162	878.856	347.457	3.843.910	846.619
Útlán í skilum	11.186.865	2.603.596	2.107.432	369.977	13.294.297	2.973.573
Virðisrýnun vegna alm.						
áhættu lánasafns	(44.058)	(12.058)	(7.092)	(1.714)	(51.150)	(13.772)
	<u>14.107.861</u>	<u>3.090.700</u>	<u>2.979.196</u>	<u>715.720</u>	<u>17.087.057</u>	<u>3.806.420</u>
Útlán skv. efnahagsr.	<u>14.217.556</u>	<u>3.125.493</u>	<u>3.006.951</u>	<u>742.236</u>	<u>17.224.507</u>	<u>3.867.729</u>

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra.

b. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Félagið viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Félagið hefur í því skyni meðal annars tryggt sér aðgang að lánalínum.

Skýringar, frh.:

b. Lausafjánhætta, frh.:

Eftirfarandi er sundurliðun á fjáreignum og fjárskuldum félagsins með tilliti til gjalddaga í milljónum króna:

2007	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Handbært fé	290.113				290.113
Útlán og kröfur	1.232.684	1.929.327	10.904.854	3.157.642	17.224.507
Aðrar eignir	133.953				133.953
Samtals 31.12.2007	1.366.637	1.929.327	10.904.854	3.157.642	17.358.460
Lántaka	6.705.129	8.983.261			15.688.390
Ýmsar skuldir	374.666				374.666
Samtals 31.12.2007	7.079.795	8.983.261	0	0	16.063.056
Bókfærð nettó staða	(5.713.158)	(7.053.934)	10.904.854	3.157.642	1.295.404
Óádrægið lánsloforð	6.000.000	(6.000.000)			0
Nettó staða	286.842	(13.053.934)	10.904.854	3.157.642	1.295.404
2006					
Handbært fé	46.363				46.363
Útlán og kröfur	302.790	1.233.117	2.665.675		4.201.582
Aðrar eignir	6.867			8.408	15.275
Samtals 31.12.2006	356.020	1.233.117	2.665.675	8.408	4.263.220
Lántaka		3.422.060			3.422.060
Ýmsar skuldir	325.348	0			325.348
Samtals 31.12.2006	325.348	3.422.060	0	0	3.747.408
Nettó staða	30.672	(2.188.943)	2.665.675	8.408	515.812

c. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hætta á því að breytingar í gengi erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldeyrísáhætta

Félagið býr við gjaldeyrísáhattu vegna útlána og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli félagsins. Umtalsverður hluti útlána og lántöku félagsins er í erlendum gjaldmiðlum.

Félagið fylgist náið með gjaldeyrisjöfnuði frá degi til dags og grípur til viðeigandi ráðstafana ef um ójöfnuð er að ræða. Félagið ver sig fyrir gjaldmiðlagengisáhættu með framvirkum gjaldmiðlasamningum til skamms tíma. Markmiðið er fyrst og fremst að eyða gengisáhættu félagsins en ekki til að hagnast á skammtímasveiflum.

Skýringar, frh.:

c. Markaðsáhætta, frh.:

Eignir og skuldir háðar gengisáhættu greinast þannig:

Árið 2007	EUR	USD	CHF	JPY	Aðrir gjaldmiðlar	Samtals
Handbært fé	13.987	60				14.047
Útlán og kröfur	901.558	433.736	6.396.349	5.822.721		13.554.364
Gengistryggðar						
eignir samtals	915.545	433.796	6.396.349	5.822.721	0	13.568.411
Lántaka	1.383.166	879.688	2.665.010	2.365.459	219.490	7.512.813
Bókfærð staða, nettó	(467.621)	(445.892)	3.731.339	3.457.262	(219.490)	6.055.598
Samningar utan efnahagsreikn., nettó	632.404	202.969	(3.839.652)	(3.483.650)	219.490	(6.268.439)
Hrein gjaldeyris-staða	164.783	(242.923)	(108.313)	(26.388)	0	(212.841)
Árið 2006						
Útlán og kröfur	327.462	157.800	514.377	303.071	0	1.302.710
Lántaka	294.155	141.750	462.059	272.246		1.170.210
Hrein gjaldeyris-staða	33.307	16.050	52.318	30.825	0	132.500

Félagið hefur í árslok 2007 gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga. Samningarnir greinast þannig:

	Höfuðstóll		Bókfært verð	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar	17.430.394	17.686.185	47.614	303.405

Vaxtaáhætta

Útlán og lántaka félagsins er að langstærstum hluta með breytilegum vöxtum. Reglulega er fylgst með mismun útlána og lántöku með föstum vöxtum og því stýrt þannig að jöfnuður sé milli útlána og lántöku með föstum vöxtum. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig útlán og lántaka félagsins skiptast eftir breytilegum og föstum vöxtum:

	Fastir vextir	Breytilegir	
		vextir	Samtals
Útlán	200.038	16.717.910	16.917.948
Lántaka	3.198.223 (2.998.185)	12.490.167 4.227.743	15.688.390 1.229.558

Skýringar, frh.:

c. Markaðsáhætta, frh.:

Eignir og skuldir háðar verðtryggingu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 2.592 millj kr. í árslok. Engar verðtryggðar skuldir voru í árslok.

Gangvirði

Gangvirði útlána, krafna og lántöku er talið vera sem næst bókfærðu verði, þar sem vaxtakjör þeirra eru almennt breytileg í samræmi við vaxtakjör á markaði á hverjum tíma. Það er mat félagsins að óinnleystur hagnaður eða tap vegna mismunar á gangvirði eigna og skulda og bókfærðu verði sé óverulegur.

d. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli.

Félaginu ber að fylgja ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki en eiginfjárlutfallið samkvæmt lögnum má ekki vera lægra en 8,0%.

Hreinar vaxtatekjur

19. Vaxtatekjur og vaxtagjöld sundurliðast þannig:

	2007	2006
Vaxtatekjur af útlánnum	862.765	271.454
Vaxtatekjur af handbæru fé	13.358	2.265
Vaxtatekjur af afleiðusamningum	528.037	0
Aðrar vaxatekjur	2.374	0
Vaxtatekjur samtals	1.406.534	273.719
Vaxtagjöld af lánnum frá lánastofnunum	(519.320)	0
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu	(249.575)	0
Vaxtagjöld af annari lántöku	(232.272)	(100.927)
Vaxtagjöld af afeiðusamningum	(20.493)	0
Vaxtagjöld samtals	(1.021.660)	(100.927)
Hreinar vaxtatekjur samtals	384.874	172.792

Hreinn gjaldeyrismunur

20. Hreinn gjaldeyrismunur sundurliðast þannig:

Gjaldeyrismunur útlána og lántöku	566.558	4.899
Gjaldeyrismunur vegna afleiðusamninga	(538.848)	0
Hreinn gjaldeyrismunur samtals	27.710	4.899

Skýringar, frh.:

Rekstrarkostnaður

21. Rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2007	2006
Laun og launatengd gjöld	144.722	52.346
Annar almennur rekstrarkostnaður	259.245	80.092
Afskriftir rekstrarfjármuna	5.205	142
Rekstrarkostnaður samtals	<u>409.172</u>	<u>132.580</u>

22. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	121.794	44.368
Mótframlag í lífeyrissjóð	12.247	4.625
Önnur launatengd gjöld	10.681	3.353
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>144.722</u>	<u>52.346</u>

23. Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	17,7	9
Stöðugildi í árslok	24	9

Laun framkvæmdarstjóra á árinu 2007 námu 17,7 milljónir kr. Engin laun voru greidd til stjórnarmanna á árinu 2007.

24. Aðkeypt þjónusta frá endurskoðendum félagsins greinist þannig:

Endurskoðun ársreiknings	1.543	1.937
Könnun árshlutareikninga	1.723	715
Önnur þjónusta	1.957	0
Aðkeypt þjónusta frá endurskoðendum samtals	<u>5.223</u>	<u>2.652</u>

Tekjuskattur

25. Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu	(52.207)	(17.290)
Breyting skattskuldbindingu	42.132	29.136
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(10.075)</u>	<u>11.846</u>

Skýringar, frh.:

Handbært fé

26. Handbært fé sundurliðast þannig:	2007	2006
Sjóður	3.300	0
Kröfur á aðrar lánastofnanir	286.813	46.363
Handbært fé samtals	290.113	46.363

Útlán og kröfur

27. Útlán og kröfur sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Eignarleigusamningar	15.205.630	1.797.210
Skuldabréf og önnur útlán	2.018.877	2.070.519
Útlán og leigusamningar samtals	17.224.507	3.867.729

28. Útlán og kröfur flokkast þannig eftir tegundum veða:

Bifreiðar	16.416.726	3.289.407
Aðrar eignir	807.781	578.322
Útlán og kröfur samtals	17.224.507	3.867.729

29. Útlán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum:

Einstaklingar	82,5%	77,3%
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	0,4%	0,1%
Fyrirtæki:		
Landbúnaður	0,2%	0,3%
Fiskveiðar	0,5%	1,3%
Iðnaður	0,9%	2,2%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	3,8%	4,3%
Verslun	4,9%	4,7%
Samgöngur og flutningar	1,8%	1,5%
Fjármálastofnanir		0,1%
Þjónusta	4,2%	8,2%
Annað	0,8%	
Útlán og kröfur samtals	100,0%	100,0%

30. Virðisrýrnun útlána og krafna greinist þannig:

Virðisrýrnun útlána og krafna í ársbyrjun	90.196	0
Virðisrýrnun útlána yfirtekin á árinu	0	53.879
Virðisrýrnun útlána á árinu	118.234	36.317
Endanlega töpuð útlán	(17.858)	0
Innkomið áður afskrifað	0	0
Virðisrýrnun útlána og krafna í árslok	190.572	90.196
Virðisrýrnun útlána og krafna í hlutfalli af heildarútlánnum og kröfum	1,1%	2,3%

Skýringar, frh.:

Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

31. Bókfært verð rekstrarfjármuna greinist þannig:

	Húsbúnaður, áhöld og bifreiðar	Hug- búnaður
Heildarverð		
Viðbætur á árinu 2006	8.550	0
Heildarverð 31.12.2006	8.550	0
Viðbætur á árinu 2007	13.870	108.566
Selt á árinu 2007	(8.550)	0
Heildarverð 31.12.2007	13.870	108.566
Afskriftir		
Afskriftir ársins 2006	142	0
Afskrifað samtals 31.12.2006	142	0
Afskriftir ársins 2007	4.214	0
Selt á árinu 2007	(142)	0
Afskrifað samtals 31.12.2007	4.214	0
Bókfært verð		
31.12.2006	8.408	0
31.12.2007	9.656	108.566

Lántaka

32. Lántaka félagsins skiptist þannig:

	2007	2006
Verðbréfaútgáfa	3.198.223	0
Lán frá móðurfélagi	3.669.177	2.273.518
Lán frá tengdum aðilum	235.109	1.148.542
Lán frá öðrum lánastofnunum	8.585.881	0
Lántaka samtals	15.688.390	3.422.060

Skýringar, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding

33. Skatteign félagsins greinist þannig í árslok:	2007	2006
Skatteign í ársbyrjun	(5.444)	0
Reiknaður tekjuskattur	(10.075)	11.846
Tekjuskattur til greiðslu	(52.207)	(17.290)
Skatteign í árslok	(67.726)	(5.444)
Skatteign félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:		
Útlán og kröfur	(68.008)	(5.726)
Rekstrarfjármunir	282	282
Skatteign í árslok	(67.726)	(5.444)

Eigið fé

34. Hlutfé félagsins nam 765 millj. kr. að nafnvirði í árslok 2007 en var 450 millj.kr. í árslok 2006 samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu og gefa hlutabréfin rétt til arðgreiðslu.

35. Eigið fé í árslok nemur 1.719 millj. kr. eða 9,7% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 9,6% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða 2007	Vegin staða 2006
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir	17.834.414	17.484.131	4.169.653
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu		377.567	132.500
Áhættugrunnur samtals		<u>17.861.698</u>	<u>4.302.153</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárbáttur A:			
Bókfært eigið fé		<u>1.719.044</u>	<u>503.965</u>
Eiginfjárlutfall		9,6%	11,7%

Tengdir aðilar

36. Móðurfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og hluthafar teljast vera tengdir aðilar félagsins. Félög í eigu stjórnarmanna, stjórnenda og hluthafa teljast einnig til tengdra aðila.

Viðskiptastaða í árslok við móðurfélagið eru sérgreind í skýringu nr. 32. Í rekstrarreikningi nema vaxtagjöld til móðurfélags 217,8 millj. kr. en voru 82,5 millj. kr. 2006. Gjaldfærð þjónustugjöld vegna móðurfélags nema 39,2 millj. kr. en námu 30,1 millj.kr. árið 2006.

Viðskipti við aðra tengda aðila greinast þannig:	2007	2006
Lántaka	3.904.286	3.422.060
Vaxtagjöld	437.475	100.927

Vaxtakjör til tengdra aðila eru í samræmi við almenn vaxtakjör hjá félaginu.

Atburðir eftir lok reikningsárs

37. Ekkert hefur komið fram eftir dagsetningu ársreiknings, sem myndi krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningi 31. desember 2007. Þann 15. febrúar 2008 yfirfór og samþykkti stjórn félagsins ársreikninginn. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi.